

Mánudaginn 15. ágústmánaðar.

Nr. 23/1892:

Hið opinbera  
gegn  
Árna Árnasyni.

## D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 13. aprílmán. p. á., var hinn kærði, Árni Árnason frá Hrúðurnesi í Leiru, dæmdur fyrir brot gegn samþykkt, staðfestri 8. desbermán. 1890 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Gardahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 40 króna sekt, og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum netalögnum sínum, 400 að tölu, upptækur vera, og sektin og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fátækra sjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað. En dómi þessum hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stundaði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í hjerði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega sannað, að hann lagði prisvar sinnum, eða 22., 23. og 24. marzmánaðar síðastliðins, þorskanet í sjó fyrir framman Leiruna, þrjú net í hvert skipti, og fjekk í þau 400 þorska, sem hann flutti sjálfur í land, ásamt netunum, og saltaði. Með þessum tilverknaði sínum hefur kærði gjörzt brotlegur gegn 1. gr. fyrnefndrar samþykktar 8. des. 1890, er bannar þeim, er stunda fiskiveiðar á opnum skipum í samþykktarumdæminu, að leggja net í

sjó fyr en 7. apríl ár hvert — og getur eigi komið til mála, að samþykktin í þessu efni fari í neinn bága við lög 12. nóvembermán. 1875, um þorskanetalagnir í Faxaflóa —, og virðist sekt sú, er kærði hefur til unnið, samkvæmt 2. gr. samþykktarinnar, hæfilega metin 60 krónur. Yfirdómurinn fellst á ákvæði lögreglurjettardómsins um upptöku aflans, einnig að því leyti, er aflinn og sektin er algjörlega látið renna í fátækra sjóð hlutadeigandi hrepps, þar sem eigi er að ræða um uppljósturs- eða upptökumannu, annan en kærða sjálfan, sbr. einnig lög 4. des. 1886 um breyting á lögum um fiskiveidasamþykktir 14. des. 1877, svo og á málskostnaðarákvæði dómsins, og ber því að staðfesta hann með framangreindri breytingu á upphæð sektarinnar. Hinum kærða ber og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin máflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og sókn og vörn í því fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur á að vera óraskaður, þó svo, að hin ídæmda sekt sje 60 krónur. Hinum kærða, Árna Árnasyni, ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin máflutningslaun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrjettarmálaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Lárusar Bjarnason, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 22 1892:

Hið opinbera  
gegn  
Helga Árnasyni.

D ó m u r :

Með dómi lögreglurjettar Kjósar- og Gullbringu-  
sýslu, uppkvednum 13. aprilmán. þ. á., var hinn kærði  
Helgi Árnason á Hróðurnesi í Leiru dæmdur fyrir brot  
gegn samþykkt, staðfestri 8. desbrmán. 1890, um ým-  
isleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, fyrir  
Rosmhvalanesshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrand-  
arhrepp, Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarness-  
hrepp og Reykjavíkurbæ, 1. gr. hennar, í 40 kr. sekt,  
og skyldi fiskur sá, er hann aflaði með ólöglegum neta-  
lögnum sínum, 350 að tölu, upptækur vera, og sektin  
og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna í fá-  
tækra sjóð Rosmhvalanesshrepps. Svo skyldi kærði og  
greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað.  
En dómi þessum hefur eftir ósk hins kærða verið skot-  
ið til yfirdómsins.

Það er með eigin játningu hins kærða, sem stund-  
aði fiskiveiðar á opnu skipi á síðastliðinni vetrarvertíð í  
hjerði því, er ofangreind samþykkt nær yfir, löglega  
sannað, að hann lagði þrisvar sinnum, eða 22. 23. og  
24. marzmánaðar síðastliðins, þorskanet í sjó fyrir fram-  
an Leiruna, þrjú net í hvert skipti, og fjekk í þau 350  
fiska, sem hann flutti sjálfur í land, ásamt netunum, og  
saltaði. Með þessum tilverknaði sínum hefur kærði